

FORSENDUR OG MARKMIÐ

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022 til og með 2025



VIRÐING



ELDMÓÐUR



FRAMSÆKNI



1. Inngangur

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt verklag við gerð fjárhagsáætlunar og er einn liður í því vinnuferli að taka saman helstu forsendur fjárhagsáætlunar í eitt skjal svo allir, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, vinni út frá sömu forsendum. Í þessu skjali eru sett fram fjárhagsleg markmið en þjónustumarkmið birtast hins vegar í starfsáætlunum hvers sviðs.

Það er von okkar að þessi samantekt helstu forsenda auðveldi og bæti vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar.

Virðingarfyllt

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

2. Markmið

Fjármálastjórn Reykjanesbæjar skal ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjármál sveitarfélaga á hverjum tíma. Markmið Reykjanesbæjar við gerð fjárhagsáætlunar 2022 og þriggja ára áætlunar 2023 til og með 2025 byggja annars vegar á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hins vegar reglum Reykjanesbæjar um gerð fjárhagsáætlunar.

Reykjanesbær starfar eftir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem var samþykkt var í desember 2020 í bæjarstjórn. Grundvallarhlutverk bæjarsjóðs, A-hluta Reykjanesbæjar, er að veita íbúum bæjarins góða og skilvirka þjónustu.

2.1 Markmið um þjónustu

Gerð er grein fyrir stefnum, markmiðum og áformum varðandi þjónustu bæjarins í starfsáætlunum fagsviða og fyrirtækja í B-hluta samstæðu bæjarins.

2.2 Markmið um jafnvægi í rekstri A-hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Skylt er að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð með tekjum af rekstri. Í 64. gr. laga nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin gera þess vegna kröfu um að heildarútgjöld til rekstrar vegna samstæðu skuli á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (Jafnvægisreglan). Í mars 2020 var sett á Alþingi bráðabirgðalög sem heimila sveitarfélögum að víkja frá jafnvægisreglunni á árunum 2020 – 2023 í ljósi þess að vænta megi mikilla áhrifa af heimsfaraldrinum á afkomu sveitarfélaga á þeim árum.

Eftirfarandi þættir tryggja markmið um jafnvægi í rekstri:

- Tekjur – útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld
- Íbúafjöldi
- Launakostnaður
- Annar rekstrarkostnaður

Eitt megin markmið sveitarfélagsins er að reksturinn skili afgangi til greiðslu skulda og að það geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með skatttekjum og um leið veitt bestu mögulega þjónustu við íbúa. Árin 2021 og 2022 munu setja mark sitt á þá vegferð sem Reykjanesbær hefur verið á en ljóst er að útkomuspá fyrir árið 2021 mun skila neikvæðri rekstrarniðurstöðu þegar frá hafa verið teknar reiknaðar einskiptis tekjur vegna yfirtöku eigna frá Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf sem og fjárhagsáætlun 2022. Er það bein afleiðing heimsfaraldursins sem hefur haft og mun hafa áfram áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu með tilheyrandi atvinnuleysi. Afleiðingarnar eru að



útsvarstekjur minnkuðu umtalsvert árið 2020 og mun ekki vera komnar í sama horf fyrr en á árinu 2023 og var fyrir faraldurinn. Einnig hefur launakostnaður hækkað verulega bæði vegna kjarasamningshækkana og eins vegna styttingu vinnuviku bæði hjá daglaunastarfsmönnum og starfsmönnum í vaktavinnu. Komið hefur í ljós að kostnaður vegna styttingu vinnuviku í vaktavinnu er mun meiri en reiknilíkan Sambandsins gerði ráð fyrir en niðurstöður þeirra útreikninga leiddu til þess að 4% væri eðlileg hækkun og upp undir 7% þar sem um flóknar aðstæður er að ræða. Í útreikningum launaáætlunar fyrir 2022 hjá Reykjanesbæ var þessi kostnaður að hins vegar að reiknast frá 10% upp í 15%.

Hluti af aðgerðum stjórnvalda til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs var að ákvæðum um jafnvægisregluna var vikið til hliðar fyrir árin 2020 – 2023 í lok mars 2020 í reglugerð um fjárhagslegviðmið sveitarfélaga.

2.3 Markmið um hámark skulda og skuldbindinga í A–hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða A–hluta skal ráðstafað þannig að bæjarsjóður geti til framtíðar sinnt lögboðnm skylduverkefnum sínum á hverjum tíma. Þetta felur í sér kröfu um að heildarskuldir og skuldbindingar nemi að hámarki 150% af reglubundnum tekjum, sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011 og reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og er hér eftir vísað í það sem skuldaviðmið. Lagaákvæðið kallar á markmið um hóflega og sjálfbæra skuldsetningu.

Grunnfjárfestingar í stofnframkvæmdum eru hámarkaðar við 500 m.kr. í fjárfestingaráætlun 2022. Gert er ráð fyrir áframhaldandi byggingu Stapaskóla í áfanga II þar sem reisa á íþróttahús með sundlaug. Gert er ráð fyrir 600 m.kr. fjárfestingu vegna þessa verkefnis á árinu 2021, 1.400 m.kr. á árinu 2022 og 600 m.kr. á árinu 2023. Á árunum 2022 er gert ráð fyrir 150 m.kr. framlagi Reykjanesbæjar til byggingar á nýju hjúkrunarheimili sem er inn í fjárfestingaáætlun.

2.4 Markmið tengd greiðsluhæfi A–hluta

Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga A–hlutans er vel viðráðanleg á næstu árum. Reykjanesbær lauk endurskipulagningu efnahags Reykjaneshafnar árið 2018 og tók á sig skuldir og skuldbindingar Reykjaneshafnar með endurfjármögnun. Með auknum útsvarstekjum, sölu á eignahlut í HS ORKU og bættum rekstri hefur bæjarsjóður ekki þurft á fjármögnun í formi lánsfjár að halda þrátt fyrir miklar fjárfestingar í nýjum grunnskóla og þau áhrif sem heimsfaraldurinn hefur haft á atvinnuástand og aukið atvinnuleysi. Greiðsluhæfi bæjarsjóðs er því ágætt á framangreindu tímabili.

2.5 Markmið varðandi fjárhagslegt gagnsæi

Ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um A–hluta skulu vera aðgengilegar kjörnum fulltrúum. Þar er átt við að á MittReykjanes er hægt að nálgast eftirfarandi fjárhagsupplýsingar varðandi rekstur bæjarfélagsins:

- Fjárhagsáætlun
- Mánaðarleg rekstraryfirlit
- Árshlutauppgjör
- Ársreikninga
- Viðauka við fjárhagsáætlun




3. Framsetning áætlunar og rekstur málaflokka

3.1 Framsetning áætlunar

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir A-hluta og samstæðureikning A og B-hluta. A-hluti, öðru nafni bæjarsjóður, samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og umhverfismiðstöð sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögguð með skatttekjum. Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, HS Veitur hf., Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF), Tjarnargata 12 ehf., Hljómahöll-veitingar ehf., Húsnæði hjúkunarheimilisins á Nesvöllum og Íslendingur ehf.

3.2 Rekstur málaflokka

Markmiðið með verklagi við fjárhagsáætlunargerð er að bæta meðferð fjármuna bæjarins og lágmarka frávik frá fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar er rammaáætlun þar sem málaflokkum og stofnunum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið er út frá því að stjórnendur sviða og stofnana hafi bestu forsendur til að vinna frekar úr þeim verkefnum sem ákveðið er að vinna og leita hagkvæmstu leiða til að framkvæma. Mikilvægt er að ákvarðanataka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrelsi myndast í rekstri málaflokka. Rammaáætlun byggir á samþykktri fjárhagsáætlun á árunum 2022 til 2025. Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn í útgjöldum á árinu 2022 og nema 57% af heildinni, 16% fara í velferðarþjónustu, 7% í íþrótt- og tómsundamál, 5% í umhverfis-, umferðar- og skipulagsmál, 3% í menningarmál og brunamál og almannavarnir nema 2%. Sameiginlegur kostnaður nemur 7% en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur ráðhúss, tölvu og upplýsingamál, þjónusta og þróun fyrir allar stofnanir, fjármálaskrifstofa, skrifstofa stjórnsýslu og Súlan verkefnastofa. Inni í þessum málaflokki eru einnig framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Áætluð fjárheimild umhverfismiðstöðvar nemur 2% og eignasjóðs 1%.





4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og langtímaáætlana

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar fyrir árin 2022 til og með 2025 eru eins og undanfarin ár að mestu leyti byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birtist í mars 2021. Auk þess tók Samband íslenskra sveitarfélaga saman minnisblað í ágúst um forsendur og áherslur við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaga árið 2022.

Úr minnisblaði Sambandsins frá ágúst 2021 um efnahagsskilyrði og kjaramál:

Almennar forsendur

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um hefnahagsmál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17.gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Ástæða er til að leggja sérstaklega að sveitarfélögum að gera sem besta grein fyrir þeim forsendum sem unnið er eftir og á það við hvorug tveggja áætlun næsta árs og þriggja ára áætlun.

Hagstofa Íslands birti þjóðhagsspá 22. mars sl. og verða hér helstu niðurstöður spárinnar reifaðar. Hafstofna gerir ráð fyrir að endurskoða spánna í haust og að ný spá verði líklega birt 5. nóvember. Mun hag- og upplýsingasvið draga upp minnisblað um helstu breytingar þeirrar spár og miðla til sveitarfélaga ásamt öðrum upplýsingum um efnahagshorfur.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2020- 2025 raktar.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2020-2025

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	-3,3	2,3	4,1	3,5	2,8	2,7
Samneysla	3,1	1,1	0,7	-0,5	-0,4	-0,1
Fjármunamyndun	-6,8	5,0	4,3	5,7	2,3	2,1
Atvinnuvegafjárfesting	-8,7	6,9	7,6	5,9	3,8	3,0
Fjárfesting í íbúðarhús næði	-1,2	-6,7	4,9	8,6	3,3	3,6
Fjárfesting hins opinbera	-9,3	17,7	-6,8	0,8	-4,8	-3,6
Þjóðarútgjöld, alls	-1,9	2,1	3,2	3,1	1,9	1,9
Útflutningur vöru og þjónustu	-30,5	10,3	16,8	10,1	8,4	3,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-22,0	8,7	12,5	8,6	6,7	3,2
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	-6,6	2,6	4,8	3,8	2,7	2,1
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	-0,6	-0,1	1,4	2,2	3,0	3,3
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	0,9	0,9	2,1	2,8	3,5	3,7
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	5,5	7,8	6,4	5,4	4,9	4,5
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	2,8	3,2	2,4	2,4	2,5	2,5
Kaupmáttur launa	3,4	3,8	2,9	1,8	1,7	1,6
Gengisvísitala	11,1	-0,8	-1,0	-0,3	0,0	0,0
Raungengi	-7,9	2,9	2,1	1,0	0,7	0,6
Launavísitala	6,3	7,1	5,4	4,2	4,2	4,1
Alþjóðleg verðbólga	0,7	1,0	1,3	1,7	1,8	1,9

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

Heimild: Hagstofa Íslands.



Hagvöxtur. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,6% í ár. Spáir stofnunin að hagvöxtur glæðist töluvert næstu tvö árin og verði 4,8% 2022 og 3,8% 2023. Hagvöxtur verður útflutningsdrifinn og ræðst af fjölgun ferðamanna. Reiknar Hagstofa með 10,3% vexti útflutnings vöru og þjónustu í ár, nær 17% árið 2022 og 10% 2023. Hagstofan spári verulegum vexti í opinberri fjármunamyndun í ár, samanborið við töluverðan samdrátt í fyrra og reiknar með að opinber fjármunamyndun dragist síðan saman árin 2024 og 2025. Þá má nefna að Hagstofan sér fram á umtalsverðan samdrátt í fjárfestingu íbúðarhúsnæðis í ár en nokkurn vöxt næstu árin.

Spá Hagstofu var eins og fyrr segir birt í mars sl. Spá Seðlabanka sem út kom um miðjan maí sýnir nokkru meiri hagvöxt í ár og á því næsta.

Tafla 2. Spár um hagvöxt

Hagvöxtur, %	2020	2021	2022	2023	Spá birt
Hagstofa	-6,6	2,6	4,8	3,8	22.03.21
Arion banki	-6,6	3,3	6,0	4,3	17.03.21
Íslandsbanki	-6,6	2,7	4,9	2,9	26.05.21
Landsbanki	-6,6	4,9	3,3	2,2	18.05.21
Seðlabanki	-6,6	3,1	5,2	2,3	19.05.22
Meðaltal banka	-6,6	3,5	4,9	2,9	

Fjöldi ferðamanna skiptir sköpum um hagþróun næstu ára. Í spá Hagstofu er gert ráð fyrir 40% fjölgun erlendra ferðamanna frá 2020 til 2021 eða úr 500 þús. í 700 þús. og að ferðamönnum fjölgi í 1.300 þús. Árið 2022 sem er 85% hækkun á milli ára.

Rétt era ð ítreka þá óvissu sem ríkir um ferðaþjónustuna. Þessar spar voru gerðar áður en hið bráðsmitandi Delta-afbrigði veirunnar kom til skjalanna og enn alls óvíst um áhrif hennar á ferðamennsku.

Tafla 3. Spár um fjölda ferðamanna

Ferðamenn, þús.	2020	2021	2022	2023
Hagstofa	500	700	1.300	
Arion banki	500	600	1.500	1.900
Íslandsbanki	500	700	1.300	1.500
Landsbanki	500	800	1.500	2.000
Seðlabanki	500	660	1.500	
Meðaltal banka	500	700	1.433	1.800

Vísitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa. Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem vísbendingu um almennar verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga haldist nálægt verði 3,2% í ár og verði undir verðbólgu markmiði (2,5%) árin 2022 og 2023. Seðlabanki spári meiri verðbólgu í en Hagstofa í ár, eða 4,1%.

Tafla 4. Spár um verðbólgu

Verðbólga, %	2020	2021	2022	2023
Hagstofa	2,8	3,2	2,4	2,4
Arion banki	2,8	3,3	2,4	2,4
Íslandsbanki	2,8	4,1	2,6	2,4
Landsbanki	2,8	4,0	2,5	2,6
Seðlabanki	2,8	4,1	2,6	2,5
Meðaltal banka	2,8	3,9	2,5	2,5



Húsnæðisverð. Undanfarin ár hefur húsnæðisverð verið afgerandi þáttur í hækkun neysluverðvísitölu. Hvorki Hagstofa né Seðlabanki birta spár um íbúðaverð. Það gera hins vegar viðskiptabankarnir þrír. Þeir reikna með að húsnæðisverð hækki jafnvel yfir 11% í ár en að úr verðhækkunum muni draga á næstu árum en verði engu að síður umfram verðbólgu.

Tafla 5. Spár um íbúðaverð

Íbúðaverð, % br. frá fyrra ári	2020	2021	2022	2023
Arion banki	4,8	6,3	5,7	5,1
Íslandsbanki	6,4	11,3	6,7	4,4
Landsbanki	4,8	10,5	4,5	3,5
Meðaltal	5,3	9,4	5,6	4,3

Heimild: Viðkomandi bankar.

Gengi er lykilstærð í litlu opnu hagkerfi og ræður miklu um verðlagsþróun. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs. Þótt skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt séu hverfandi, gegnir öðru máli um B-hluta fyrirtæki í ýmsum sveitarfélögum. Að venju gefa spáaðilar sér þá forsendu að nafngengi krónunnar breytist ekki út spátímabilið sem hefur í för með sér raungengið hækkar.

Atvinna er undirstaða þjóðarþróunarinnar og ræður miklu um þróun útsvarstekna. Aukið atvinnuleysi er óhjákvæmilegur fylgifiskur samdráttar landsframleiðslu.

Tvenns konar tölfræði er birt um atvinnuleysi. Annars vegar birtir Hagstofa tölur sem byggðar eru á viðamiklum spurningakönnunum (vinnumarkaðskönnun, VMK), en hins vegar birtir Vinnuálastofnun tölur sem byggðar eru á skráningu atvinnuleitenda til að fá atvinnuleysisbætur (Skráð). Spár eru ýmist byggðar á tölu Hagstofu eða Vinnuálastofnunar. Spár gera ráð fyrir að úr atvinnuleysi muni draga á næstu árum. Þannig spáir Hagstofa að atvinnuleysi verði 7,8% í ár, 6,4% 2022 og 5,4% 2023. Aðrir spámenn eru á svipuðu róli.

Tafla 6. Spár um atvinnuleysi

Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2020	2021	2022	2023
Hagstofa	6,4	7,8	6,4	5,4 VMK
Arion banki	6,4	8,0	6,9	6,0 VMK
Íslandsbanki	7,9	8,8	5,3	3,6 Skráð
Landsbanki	7,9	8,8	5,5	4,6 Skráð
Seðlabanki	6,4	6,7	6,3	6,1 VMK
Seðlabanki	7,9	9,1	7,8	6,1 Skráð án hlutabóta
Meðaltal banka	6,4	7,4	6,6	6,1 VMK
Meðaltal banka	7,9	8,9	6,2	4,8 Skráð



Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Launaþróun er því afgerandi áhrifavaldur um fjármál sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 7,1% 2021, 5,4% 2022 og um 4,2% árið 2023. Seðlabankinn birtir ekki spá um launavísitölu.

Tafla 7. Spár um launavísitölu

Launavísitala, % br. f.f. ári	2020	2021	2022	2023
Hagstofa	6,3	7,1	5,4	4,2
Arion banki	6,4	7,2	5,0	4,5
Íslandsbanki	6,4	8,3	4,6	3,9
Landsbanki	6,3	7,9	5,6	3,5
Seðlabanki				
Meðaltal banka	6,4	7,8	5,1	4,0

Launavísitölu er ætlað að mæla launabreytingar þeirra sem eru í sömu vinnu og sama starfshlutfalli á mælingartíma (“paraður samanburður”). Þegar horft er hins vegar til þróunar heildarlauna í samfélaginu þarf að hafa í huga að folk breytir um vinnu eða starfshlutfall og nýir koma inn á vinnumarkaðinn og aðrir hætta. Launavísitalan er í raun þökkalegur mælikvarði á þróun launakostnaðar, en síðri við mat á þróun útsvarstekna.

Gangi spar um launa- og verðlagsþróun eftir mun kaupmáttur launa aukast á næstu árum.

Tafla 8. Spár um þróun kaupmáttar

Kaupmáttur launa, % br. f.f. ári	2020	2021	2022	2023
Hagstofa	3,4	3,8	2,9	1,8
Arion banki	3,4	3,8	2,5	2,1
Íslandsbanki	3,5	4,0	1,9	1,5
Landsbanki	3,4	3,8	3,1	0,9
Seðlabanki				
Meðaltal banka	3,4	3,9	2,5	1,5

Forsendur um tekjur

Útvar. Undanfarin ár hafa forsendur um þróun útsvarsstofns sem sambandið hefur miðlað til sveitarfélaga verið byggðar á áætlun fjármálaráðuneytis við undirbúning fjárlagafrumvarps. Áætlun ráðuneytisins hefur einkum verið grundvölluð á spá Hagstofu um launaþróun og vinnumagn. Fyrirliggjandi áætlun ráðuneytisins er byggð á marsspá Hagstofu og ástæða til að ætla að þróun á vinnumarkaði í ár verði nokkuð betri en þá var áætlað. Þá þarf einnig að taka tillit til þess að heimild til úttektar séreignarsparnaðar hefur verið framlengd til ársloka 2021. Vegna þessa er ástæða til að ætla að útsvarsstofn hækki nokkru meira í ár en áætlun ráðuneytisins gerði ráð fyrir. Niðurstöður eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9. Spá um hækkun tekjuskatts-/útsvarsstofns, breyting frá fyrra ári, %

	2021	2022	2023	2024	2025
Hækkun útsvarsstofn, %	3,7	6,0	6,0	5,5	5,0

Heimild: Fjármálaráðuneyti, Hagstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hag- og upplýsingasvið mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirá álagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október.

Fasteignaskattar. Þjóðskrá Íslands birti nútt fasteignamat í byrjun júní sl. Það gildir í 12 mánuði frá



og með 31. desember 2021. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegla gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú febrúar 2021

Fasteignamat fasteigna á landinu öllu hækkaði um 7,4% milli ára og mat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 7,9%. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 6,2%.

Framlög jöfnunarsjóðs. Tekjur jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni sveitarfélaga. Samdráttur í efnahagslífinu í fyrra leiddi til þess að tekjur sjóðsins drógust verulega saman og þar með framlög til sveitarfélaga. Til að milda höggið á sveitarfélög voru teknar 1,5 ma.kr. úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs og framlög hækkuð sem því nam. Fjárhæðin verður endurgreidd fasteignasjóði að fullu árin 2021-2028.

Gangi spár um hagvöxt á næsta ári eftir má reikna með að skatttekjur muni aukast umtalsvert og þar með tekjur jöfnunarsjóðs og framlög til sveitarfélaga.

Kjaramál

Kjarasamningar á almennum markaði voru gerðir í byrjun apríl 2019, svonefndir lífskjarasamningar. Gilda samningarnir til 1. nóvember 2022. Forsendur samninganna um kaupmátt og um efndir fyrirheita ríkisstjórnarinnar verða metnar í september nk. Fari svo að forsendur standist ekki skulu samningsaðilar leita leiða til að markmið samningsins nái fram að ganga. Náist ekki samkomulag eru samningarnir uppsegjanlegir og falla úr gildi 1. október n.k.

Kjarasamningar sveitarfélaga við starfsfólk sitt gilda ýmist til loka mars eða ágúst 2023. Í þessum samningum er vísað til lífskjarasamninga á almennum markaði varðandi forsendur go uppsögn samninga. Breytingar hafa verið gerðar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga og er þess að vænta að stytting vinnutíma verði sveitarfélögum kostnaðarsöm, á það einkum við vaktavinnufólk.

Kjarasamningar við félög innan KÍ renna út í árslok 2021.

Mannfjöldaþróun

Hagstofa Íslands hefur endurskoðað mannfjöldaspá sína og tekur uppfærð spá til árána frá 2020 til 2069. Framreikningur mannfjöldans er í eðli sínu óvissu undirorpinn og óvissan eykst vitaskuld eftir því sem séð er lengra inn í framtíðina. Spáin gefur engu að síður mikilvægar vísbendingar um mannfjöldaþróun, einkum er varðar yngstu og elstu árgangana.

Hagstofa birtir þrjár spár; mið-, lág- og háspá, sem byggja á mismunandi forsendum um hagvöxt til næstu fimm ára, frjósemi og búferlaflutningum. Yfirlitið í töflu 10 byggir á miðspánni.

Á næstu þremur árum reiknar Hagstofa með að aðflutningur fólks verði verulegur umfram brottflutning og fólksfjölgun verði á bilinu 1,5-2% eða sem nemur að meðaltali tæplega 7 þúsund manns árlega. Eftir 2025 fer að hægja á fólksfjölguninni þar sem brottflutningur fólks verður að mati Hagstofu meiri en aðflutningur.

Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að frá 2021 til 2025 muni landsmönnum á vinnualdri (21-65 ára) fkaæga I, 6,3% en fólki eldra en 65 ára um 14,8%. Þá gerir spáin ráð fyrir að fæðingum fari fjölgandi og spáð er umtalsverðri fjölgun barna á leikskólaaldri en fækkun á grunnskólaaldri.



Tafla 10. Mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofu Íslands.

	Mannfjöldi 1. janúar					Breyting	
	2021	2022	2023	2024	2025	2021-2022	2021-2025
Á 1. ári	4.873	4.945	5.067	5.170	5.264	1,5%	8,0%
1-5 ára	21.455	22.249	23.387	24.639	25.814	3,7%	20,3%
6-16 ára	51.391	51.300	51.354	51.288	51.355	-0,2%	-0,1%
17-20 ára	18.039	18.230	18.642	19.208	19.712	1,1%	9,3%
21-65 ára	221.516	224.449	228.020	231.543	235.422	1,3%	6,3%
66-70 ára	16.798	17.256	17.826	18.478	18.921	2,7%	12,6%
71-80 ára	22.326	23.472	24.536	25.439	26.456	5,1%	18,5%
81 árs o.e.	11.336	11.488	11.711	12.099	12.539	1,3%	10,6%
Alls	367.734	373.389	380.543	387.864	395.483	1,5%	7,5%
	50.460	52.216	54.073	56.016	57.916	3,5%	14,8%

Umstalsverðar sveiflur eru í fjölda fæddra barna á ári hverju. Yfir 5.000 börn fæddust árið 2009, en aðeins rétt rösklega 4.000 árið 2016. Fæðingum fjölgaði á ný og árið 2020 fæddust rúmlega 4.500 börn. Reiknar Hagstofa með að fæðingum fjölgi jafnt og þétt næstu árin og verði yfir 5.000 árið 2023. Frjósemi kvenna hefur mælst aðeins 1,7 börn frá árinu 2016, sem er sú lægsta sem mælst hefur hér á landi. Í miðspá sinni reiknar Hagstofa með að frjósemi kvenna aukist og verði í kringum 1,8 á hverja konu.

Hagstofa birtir ekki mannfjöldaspár eftir sveitarfélögum, en Byggðastofnun birtir slíka spá sem byggð er á spá Hagstofu. Hana má finna á eftirfarandi slóð:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/mannfjoldaspa_byggdastofnunar_2019.pdf

Óvissa

Eins og jafnan er óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Lítið opið hagkerfi eins og það Íslenska býr og mun búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Ein leið til að takast á við óvissuna er að teikna upp sviðsmyndir og vera þannig tilbúinn fyrir annars konar þróun en spár gera ráð fyrir.

Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Covid-19.* Mikil óvissa er um þróun faraldursins og þar með um aðgerðir stjórnvalda, hér á landi sem erlendis. Á þessu veldur í raun þróun næstu missera að langstærstum hluta.
- *Ný ríkisstjórn.* Kosningar til Alþingis fara fram 25. September. Ný ríkisstjórn tekur völd að kosningum loknum og óvissa ríkir um stefnuna í mikilvægum málaflokkum sem skipta sveitarfélögin miklu.
- *Kjarasamningar.* Lífskjarasamningar gilda til 1. nóvember 2022, en forsendur samninganna verða metnar nú í september. Reynir þá á hvort þeim verði sagt upp. Óvissa er einnig um lyktir kjarasamninga við Kennarasamband Íslands.
- *Ferðabjónusta.* Spár um hagvöxt á næsta ári eru nær alfarið reistar á forsendum um að hingað komi um ein og hálf milljón ferðamenn. Ekki er hér á vísan að róa.
- *Gengi krónunnar og verðbólga.* Í spá hagstofunnar er gengið út frá þeirri forsendu að gengi krónunnar verði óbreytt út spátímabilið. Ef gengið lækkar má ætla að verðbólga verði meiri en ella og samdráttur í landsframleiðslu minni með jákvæðum áhrifum á atvinnustig. Hækkun gengisins hefði áhrif í gagnstæða átt.
- *Sjávarútvegur.* Sem endranær ríkir töluverð óvissa um aflbrögð, einkum er varðar uppsjárvarfiska s.s. loðnu.

Sveitafélagið tók tillit til ofangreindra atriða við gerð fjárhagsáætlunar 2022 til og með 2025.




Skatttekjur jukust á árunum 2017 til 2019 samhlíða íbúafjölgun og auknu atvinnuframboði á svæðinu en á árinu 2020 stóðu þær nánast í stað á milli ára. Útvarsprósenta var lækkuð á árinu 2018 úr 15,05% í 14,52%. Í meðfylgjandi frumvarpi að fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að útvarsprósenta haldist óbreytt frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts á húsnæði í A-flokki lækki úr 0,32% í 0,30% og í C-flokki lækki hlutfallið úr 1,52% í 1,50%. Fasteignamat húsnæðis í Reykjanesbæ mun hækka um 4,99% milli árána 2021 og 2022.

	Rauntölur árið 2017	Rauntölur árið 2018	Rauntölur árið 2019	Rauntölur árið 2020	Spá 2021	Rammi 2022
Útsvar	8.975.877.256 23%	9.856.346.511 10%	10.328.547.212 5%	10.476.254.280 1%	11.068.204.388 7%	11.077.000.000 0%
Fasteignaskattur	1.411.519.456 10%	1.559.015.001 10%	1.547.700.413 -1%	1.587.897.120	1.733.969.074 12%	1.900.000.000 10%
Jöfnunarsjóður	2.440.628.630 5%	2.579.441.136 6%	2.626.015.125 2%	3.154.547.512 20%	2.979.364.000 -6%	2.555.000.000 -14%
Lóðarleiga	213.477.925 11%	241.970.816 13%	293.807.813 21%	323.716.851	310.914.230 6%	332.000.000 7%
Samtals skatttekjur	13.041.503.267	14.236.773.464	14.796.070.563	15.542.415.763	16.092.451.692	15.864.000.000
Breyting milli ára	17%	9%	4%	5%	9%	-1%
Íbúðafjöldi	17.795	18.930	19.421	19.676	20.250	20.655
Skatttekjur / íbúa	732.875	752.075	761.859	789.917	794.689	768.046
Útsvar / íbúa	504.404	520.673	531.824	532.438	546.578	536.287

4.2 Íbúafjölgun

Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að íbúar verði um 20.250 í lok árs 2021 og að íbúafjölgun verði 2,0% árin 2022 – 2025. Í lok september 2021 eru íbúar bæjarins 20.144 talsins.





4.3 Þróun launakostnaðar A-hluta

Settar voru inn kjarasamningshækkningar skv. gildandi kjarasamningum og þar sem búið er að semja til ársloka 2023. Einnig var tekið tillit til fjölgunar stöðugilda sem hafa aukist á árinu en lagt var upp með lágmarks aukningu á árinu 2022 sem hagræðingaraðgerð.

Launakostnaður hækkar um tæp 8% frá árinu 2020 til áætlunar að útkoma verið á árinu 2021. Hækkun á launakostnaði milli áætlunar 2021 og ramma 2022 eru rúm 16% sem skiptist í kjarasamningshækkningar og aukins launakostnaðar vegna styttingu vinnuviku þá sérstaklega hjá starfsmönnum í vaktavinnu. Kjarasamningar leikskólakennara fela í sér aukinn undirbúningstíma fyrir deildarstjóra og sem samsvarar aukningu um ½ til 1 stöðugildi í hverjum leikskóla vegna þessa. Gert er því ráð fyrir að áhrif kjarasamningshækkana samtals nemi um 5% – 7% á launakostnað á árinu 2022:

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Áætlun 2021	Rammi 2022
Laun og launat.gj.	5.069	5.353	6.426	6.622	7.444	8.957	9.682	9.845
Lífeyrisskuldbinding	507	1.021	879	570	282	749	427	400
Samtals	5.576	6.374	7.305	7.192	7.726	9.706	10.109	10.245
Fjöldi stöðugilda	712	718	748	791	872	955	910	958
Starfsmannafjöldi	720	728	877	927	1.158	1.237	1.200	1.245

Við gerð frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2022 voru launahækkningar áætlaðir í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Samkvæmt bókhaldi er launakostnaður málaflokka fyrstu 9 mánuði ársins eftirfarandi:

Laun og launatengd gjöld

Málaflokkur	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	
02 Velferðarþjónusta	1.128.689.792	1.051.956.943	(76.732.849)	-6,8%
04 Fræðslu- og uppeldismál	4.579.440.383	4.588.110.261	8.669.878	0,2%
05 Menningarmál	172.454.464	196.497.729	24.043.265	13,9%
06 Íþróttu- og tómstundamál	339.438.981	319.914.469	(19.524.512)	-5,8%
09 Skipulags- og byggingarmál	87.406.433	85.600.102	(1.806.331)	-2,1%
13 Atvinnumál	270.938.208	283.741.968	12.803.760	4,7%
21 Sameiginlegur kostnaður	420.177.195	435.822.397	15.645.202	3,7%
31 Eignasjóður	34.258.436	33.671.043	(587.393)	-1,7%
33 Umhverfismiðstöð	278.189.762	276.929.283	(1.260.479)	-0,5%
Samtals	7.310.993.654	7.272.244.195	(38.749.459)	-0,5%

4.4 Þróun annars rekstrarkostnaðar A-hluta

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 8% á milli 2020 og áætlun 2021 en um 6% milli áætlunar og ramma 2022:

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Áætlun 2021	Rammi 2022
Vöru- og þjónustukaup	2.894	3.066	3.263	3.692	4.179	4.933	5.270	5.697
Styrkir	1.501	1.448	1.145	1.254	1.354	1.945	2.134	2.186
Samtals	4.395	4.514	4.408	4.946	5.533	6.878	7.404	7.883
Hækkun milli ára	-5%	3%	-2%	12%	12%	24%	8%	6%



Annar rekstrarkostnaður málaflokka samkvæmt bókhaldi fyrstu 9 mánuði ársins 2021 án millifærslna er eftirfarandi:

Vöru- og þjónustukaup

Málaflokkur	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	
02 Velferðarþjónusta	734.803.700	767.657.539	32.853.839	4,5%
04 Fræðslu- og uppeldismál	1.993.328.203	1.843.369.702	(149.958.501)	-7,5%
05 Menningarmál	190.267.788	204.965.347	14.697.559	7,7%
06 Íþróttá- og tómstundamál	481.505.254	498.534.896	17.029.642	3,5%
07 Brunamál og almannavarnir	1.113.112	1.100.000	(13.112)	-1,2%
08 Hreinlætismál	2.780.757	749.700	(2.031.057)	0,0%
09 Skipulags- og byggingarmál	50.381.012	44.461.090	(5.919.922)	-11,8%
10 Umferðar- og samgöngumál	506.654.196	525.537.330	18.883.134	3,7%
11 Umhverfismál	96.120.253	99.074.552	2.954.299	3,1%
13 Atvinnumál og markaðsmál	11.142.333	15.369.471	4.227.138	0,0%
21 Sameiginlegur kostnaður	238.443.211	289.889.342	51.446.131	21,6%
31 Eignasjóður	696.085.418	694.582.707	(1.502.711)	-0,2%
33 Umhverfismiðstöð	33.845.676	33.008.108	(837.568)	-2,5%
Samtals	5.036.470.913	5.018.299.784	(18.171.129)	-0,4%

Styrkir og framlög málaflokka samkvæmt bókhaldi fyrstu 9 mánuði ársins 2021 án millifærslna er eftirfarandi:

Styrkir og framlög

Málaflokkur	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	
02 Velferðarþjónusta	426.086.941	387.596.445	(38.490.496)	-9,0%
04 Fræðslu- og uppeldismál	173.559.745	193.282.130	19.722.385	11,4%
05 Menningarmál	12.963.352	17.601.645	4.638.293	35,8%
06 Íþróttá- og tómstundamál	269.449.033	294.740.724	25.291.691	9,4%
07 Brunamál og almannavarnir	251.344.608	248.247.310	(3.097.298)	-1,2%
08 Hreinlætismál	301.341.373	263.256.200	(38.085.173)	-12,6%
09 Skipulags- og byggingarmál	3.937.500	3.935.925	(1.575)	0,0%
10 Umferðar- og samgöngumál	21.840.764	14.920.750	(6.920.014)	-31,7%
11 Umhverfismál	32.060.307	22.639.190	(9.421.117)	-29,4%
13 Atvinnumál	8.106.690	8.996.400	889.710	11,0%
21 Sameiginlegur kostnaður	76.473.630	78.146.115	1.672.485	2,2%
31 Eignasjóður	4.079.914	1.124.550	(2.955.364)	-72,4%
33 Umhverfismiðstöð	3.725.007	2.034.250	(1.690.757)	-45,4%
Samtals	1.584.968.864	1.536.521.634	(48.447.230)	-3,1%



4.5 Fjárfestingaráætlun – stofnframkvæmdir

Áætlað er um 500 m.kr. fari í stofnframkvæmdir á árinu 2022 en nam 450 m.kr. á árinu 2021. Sviðsstjórar hafa komið sér saman um áherslur næsta árs og kynnt í ráðum. Huga þarf að almennum rekstri og viðhaldi á eignum bæjarins í framtíðinni. Lágmarks viðhald til lengri tíma getur haft áhrif á verðgildi eigna og þar með eignastöðu Reykjanesbæjar. Gert er ráð fyrir fjárfestingu í íþróttamannvirki við Stapaskóla að fjárhæð 600 m.kr. á árinu 2021, 1.400 m.kr. á árinu 2022 og 600 m.kr. á árinu 2023.

Þá er líklegt að fjárfesta þurfi verulega í endurbyggingu Myllubakkaskóla en á þessari stundu, í byrjun nóvember 2021, ríkir mikil óvissa um hvort og hve mikið það mun kosta.

	2021	2022	2023	2024	2025
Fjárfestingar					
Gatnagerð	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.
Egnasjóður	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 600 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 1.400 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 600 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 3. áfangi 650 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 3. áfangi 650 m.kr.
Reykjaneshöfn	20 m.kr.	295 m.kr.	165 m.kr.	108 m.kr.	85 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.
Hjúkrunarheimili		Framlag til fjárfestingar 150 m.kr.			

4.6 Reykjaneshöfn

Stjórn Reykjaneshafnar gerir ráð fyrir á árinu 2022 að vera með jákvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 72 þús.kr.

4.7 HS Veitur hf.

Eignarhlutur Reykjanesbæjar í HS Veitum hf. er 50,1% og er því tekið hér með sem B-hluti. Áætlað er að fjárfestingar félagsins verði verulegar á næstu árum en félagið ræður vel við greiðslubyrði lána af rekstri. Einnig er vakin athygli á því að í umfjöllun hér að framan um skuldaviðmið, eru rekstur og staða HS Veitna hf. einnig tekin með. Eins og fyrr hefur verið nefnt er samkvæmt ákvæði reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga sveitarfélaginu heimilt að undanskilja HS Veitur hf. við útreikning á skuldaviðmiði. Það er ekki gert í þeim yfirlitum sem lögð eru hér fram né við gerð ársreiknings sveitarfélagsins en ljóst að sú aðgerð hefur áhrif til lækkunar skuldaviðmiðs.

4.8 Fráveita Reykjanesbæjar

Í framkvæmdáætlun Fráveitu Reykjanesbæjar árið 2022 er gert ráð nauðsynlegum framkvæmdum að fjárhæð um 150 m.kr. Á árunum 2023 og 2025 er gert ráð fyrir aukningu í fjárfestingum Fráveitunnar einkum vegna nýrrar skolophreinsistöðvar í Keflavík. Á þessum árum er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 1.650 m.kr.



4.9 Aðrar B–hluta stofnanir

Aðrar B–hluta stofnanir eru Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., Íslendingur ehf., Hjúkrunarheimilið Nesvellir, Framkvæmdasjóður aldraðra, Hljómahöll veitingar ehf. og Tjarnargata 12 ehf.

Rekstur þessarra B– hluta eru í jafnvægi og hafa óveruleg áhrif á fjárhagsáætlunina.

5.Ytri fjárhagslegar áhættur A–hluta

Dæmi um ytri fjárhagslegar áhættur:

- Verðbólguáhætta – t.d. verðbólga og vextir
- Vinnumarkaðsáhætta – t.d. verkföll, atvinnuleysi, lausir kjarasamningar og stytting vinnuviku
- Skuldabréfaáhætta – t.d. mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta – t.d. er til fjármagn til greiðslu reikninga og afborgana lána
- Áhættur vegna fjárhagslegra samskipta við ríkið – t.d. málefni fatlaðra, hækkun / lækkun tryggingagjalds
- Aðrir óvissuþættir – t.d. útsvarstekjur, fasteignagjöld, fjárhagsaðstoð ofl



6. Forsenduyfirlit langtímaspár:

Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrartekjur					
	Útkomuspá	Fjárhagsáætlun	Þriggja ára áætlun		
	2021		2022	2023	2024
Skatttekjur					
Íbúafjöldun	Áætlun á íbúafjölda	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
	20.250	20.655	21.068	21.489	21.919
Atvinnuleysi	10%	7%	6%	5%	5%
Aldurssamsetning íbúa	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Útsvarshlutfall	>14,52%	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall
Fasteignaskattur	A flokkur 0,32% B flokkur 1,32% C flokkur 1,52%	A flokkur 0,30% B flokkur 1,32% C flokkur 1,50%	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll
Gatnagerðargjöld	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,4%	4,2%	4,2%	4,1%
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,4%	2,5%	2,5%
Framlög jöfnunarsjóðs					
Framlög	Samkvæmt áætlun jöfnunarsjóðs	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,4%	2,5%	2,5%
Aðrar tekjur og óreglulegir liðir:					
Gjaldskrár	Skv. gildandi skrá	Hámark 4,27% hækkun	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar
Verðlag - neytluvísitala skv. sáttmála		2,5%	2,5%	2,5%	2,5%



Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrargjöld

	2021	2022	2023	2024	2025
Laun og launatengd gjöld					
Kjarasamningar	Í samræmi við gildandi samninga	Í samræmi við gildandi samninga haust 2021	Í samræmi við gildandi samninga haust 2021	Í samræmi við gildandi samninga haust 2021	Í samræmi við gildandi samninga haust 2021
Stöðugildi	Viðbót vegna Stapaskóli	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,4%	4,2%	4,2%	4,1%
Annar rekstrarkostnaður					
Hagræðing	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,4%	2,5%	2,5%
Fjármagnsliðir					
Vextir	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,4%	2,5%	2,5%



Forsenduyfirlit - efnahagur

	2021	2022	2023	2024	2025
Fjárfestingar					
Gatnagerð	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.
Eignasjóður	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 600 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 1.400 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 600 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 3. áfangi 650 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 3. áfangi 650 m.kr.
Reykjaneshöfn	20 m.kr.	295 m.kr.	165 m.kr.	108 m.kr.	85 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun frankvæmdastjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.
Hjúkrunarheimili		Framlag til fjárfestingar 150 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 200 kr.		
Afborganir langtímaskulda og skuldbindinga					
Nýjar lántökur	Endurfjármögnun EFF 8.300 m.kr.				
Afborganir annarra langtímaskulda	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020
Leigusamningar aðrir en EFF	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga
Lífeyrisskuldbindingar	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2021	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2021	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2021	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2021	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2021
Annað					
HS Veitur (arður / lækkun hlutafjár)	500 m.kr. lækkun hlutafjár og RNB fær 50,1% af því	500 m.kr. lækkun hlutafjár og RNB fær 50,1% af því			